

Hafnarfjarðarbær  
Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt  
Strandgata 8-10  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 29. maí 2013

Tilvísun: 201305060 / 3.4

**Efni: Breyting á deiliskipulagi Kaplakrika, íþróttasvæði FH, lýsing, Hafnarfjörður**


Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 21. maí 2013 þar sem Skipulagsstofnun er send lýsing til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin varðar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, íþróttasvæði FH, og var hún samþykkt til kynningar í skipulags- og byggingarráði 30. apríl 2013.

Erindinu fylgdi lýsing dags. 22. apríl 2004.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst m.a. að gert er ráð fyrir átta framkvæmdum innan svæðisins er varða nýbyggingar, viðbyggingar, íþróttavelli, stoðveggi og jarðvegsmanir. Jafnframt er gert ráð fyrir niðurrifi einnar byggingar. Í dag eru byggð mannvirki innan lóðarinnar um 14.600 m<sup>2</sup> og verða 32.456 m<sup>2</sup> þegar lóðin er fullbyggð.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á að í lýsingu á að gera grein fyrir samræmi við gildandi aðalskipulag, samráðs- og umsagnaraðilum og tímasetningum við gerð og málsmeðferð tillögunnar. Gera þarf grein fyrir framangreindum atriðum í greinargerð deiliskipulagsins samanber gr. 5.1.2 um efni deiliskipulags í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

  
Unnsteinn Ólafsson

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3.6.2013
Málsnr:	1301142
Bréfal:	512